



Skorradalshreppur

Nefndarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

2011015 SÓÁ

Umsögn

Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123-2010, mál 275

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði um málið á 145. fundi sínum á fullveldisdaginn þann 1. des. 2020.

Það er mat nefndarinnar að með fyrirliggjandi frumvarpi er verið að taka bæði skipulags- og framkvæmdavald af sveitarfélögum er varðar málefni flutningskerfi raforku. Skipulags- og framkvæmdavald er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga. Í fyrirliggjandi drögum að frumvarpi er um óásættanlegt fordæmi að ræða þar sem vegið er að þeim rétti. Með samþykkt þessa frumvarps er skapað slæmt fordæmi og mikil hætta á að stigin verði frekari skref í þá átt að færa skipulagshlutverkið frá sveitarfélögum í fleiri málaflokkum eins og t.d. samgöngumálum.

Skipulags- og byggingarnefnd óskar eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar og gera grein fyrir máli sínu.

Hvanneyri 1. desember 2020
Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Ósk Askeldsdóttir,
skipulagsfulltrúi